41.tbl.
4. des. 2024
31 árg.

# Hlaupastelpan

*Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386*

## Aðventukvöld í Þorgeirskirkju

Föstudaginn 6. desember kl.20.00

Sameiginlegur kór Lundarbrekku,–
Háls,– og Ljósavatnssókna syngur undir stjórn
Dagnýjar Pétursdóttur.

Jólasaga lesin

Fluttur Ljósahelgileikur eftir Pétur Þórarinsson

Ræðumaður kvöldsins verður Katrín Sigurjónsdóttir

Allir velkomnir

Sr. Magnús G. Gunnarsson

# JÓLASVEINARNIR Í DIMMUBORGUM

mæta í sitt árlega jólabað í Jarðböðunum
**laugardaginn 7. desember kl. 16:00**

MIÐASALA Á TIX.IS

Við minnum korthafa á að nauðsynlegt er að panta fyrirfram með því að hringja í síma **464 4411**, senda okkur tölvupóst á **info@jardbodin.is** eða senda okkur skilaboð á messenger



Við hlökkum til að taka á móti ykkur

# JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

# KÓTILETTUKVÖLD Í JARÐBÖÐUNUM

Nú er komið að fyrsta fimmtudegi desembermánaðar og þá bjóðum við upp á kótilettur frá kl. 18:00-19:30, eða meðan birgðir endast.

Verðið er 3.000 krónur, 2.000 krónur fyrir börn 4-12 ára og frítt fyrir 3ja ára og yngri. Hægt að setjast niður eða taka með og ef þið kjósið að taka með þá hvetjum við ykkur til að koma með eigin box til að minnka rusl. Við mælum eindregið með því að panta fyrirfram með því að senda okkur skilaboð á Facebook eða hringja í síma 464-4411, í síðasta lagi fyrir hádegi samdægurs.

Kærar kótilettukveðjur frá starfsfólki Jarðbaðanna!

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

# Jólatrjáasala í Vaglaskógi.

Dagana 13 og 14 desember (föstudagur og laugardagur) verður jólatrjáasala í starfstöðinni í Vaglaskógi. Opið verður frá kl. 13 til 16 og hægt að kaupa jólatré, skreytingarefni og timburafurðir úr skóginum.

***Land og skógur***

# Hátíðatilboð í Jarðböðunum

## -25% afsláttur af árskortum-

### EINSTAKLINGSKORT

~~40.000,-~~ 30.000,-

### HJÓNAKORT

~~48.000,-~~ 36.000,-

### FJÖLSKYLDUKORT

(TVEIR FULLORÐNIR OG TVEIR UNGLINGAR. 13-15 ÁRA)

~~52.000,-~~ 39.000,-

*Best er að mæta til okkar til að kaupa kortið en einnig er hægt að senda póst á info@jardbodin.is. Afslátturinn gildir til og með 31. desember.*

*Desemberkveðja frá Jarðböðunum við Mývatn.*

# Auglýsing um skipulag – Þingeyjarsveit

Þingeyjarsveit

**Vogar 1, ferðaþjónustusvæði og frístundabyggð**
**Tillaga að deiliskipulagsbreytingu vegna starfsmannahúsa**
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 28. nóvember 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu Voga 1, ferðaþjónustusvæði og frístundabyggð, í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið sem breytingum tekur er Vinkilsrjóður, sem er gamalt tún, og er markmiðið að gera einn byggingarreit þar sem heimilt verður að vera með 5 starfsmannahús, 50 $m^2$ hvert. Þrjú húsanna eru á staðnum með tímabundið stöðuleyfi.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma sem er til 17. janúar 2025. Tillagan er aðgengileg í skipulagsgátt, mál nr. 1452/2024 og skal athugasemdum skilað í gegnum gáttina.

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar

## Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum,
velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**
**hlaupastelpan@isl.is**

| | |
|---|---|
| ***Hálfsíðuauglýsing*** | ***kr. 4.600.– m.vsk*** |
| ***heilsíðuauglýsing*** | ***kr. 6.620.- m vsk.*** |
| ***Jólakveðjur*** | ***kr. 3.000.- m vsk*** |

https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan

# Laust starf matráðs í mötuneyti Þingeyjarskóla

**Þingeyjarskóli auglýsir eftir matráð í 75% starf frá 1. janúar 2025.**

Helstu verkefni

- Vinnur undir leiðsögn yfirmatráðs.
- Þátttaka í matseld fyrir nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla.
- Sér um að matur sé samkvæmt lýðheilsumarkmiðum, hollur, fjölbreyttur og snyrtilega framborinn.
- Frágangur og þrif í eldhúsi og matsal.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi er kostur.
- Skipulagshæfni, snyrtimennska og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskipum og frumkvæði í starfi.
- Stundvísi og áreiðanleiki.

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með um 100 nemendur. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Áhugasamir einstaklingar, án tilliti til kyns, eru hvattir til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2024** og skulu umsóknir berast á netfangið lilja@thingskoli.is

Frekari upplýsingar veitir Lilja Friðriksdóttir, skólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst lilja@thingskoli.is og í síma 464-3580/847-2372.